

Fundur skólaráðs Stöðvarfjarðarskóla 20. maí 2015.

Fundinn sátu: Jónas Ólafsson skólastjóri, Solveig Friðriksdóttir fulltrúi kennara, Guðný Sigurjónsdóttir fulltrúi grenndarsamfélagsins, Eva María Sigurðardóttir og Hanna Björk Birgisdóttir fulltrúar starfsmanna, Sigurður Borgar Hrannarsson og Raket Þorsteinsdóttir fulltrúar nemenda. Á fundinn vantaði Rósmarý Dröfn fulltrúa foreldra og Jónu Petru Magnúsdóttur fulltrúa kennara.

Fjarðabyggð til framtíðar.

1. Umsögn skólaráðs vegna tillögu bæjarráðs Fjarðabyggðar um að sameina skólahald á Stöðvarfirði og Fáskrúðsfirði í Skólamiðstöð Suðurfjarða með starfsstöðvar á báðum stöðum.

Skólaráð Stöðvarfjarðarskóla ályktar að ef farið verði í sameiningu skólanna tveggja í Skólamiðstöð Suðurfjarða:

- Tryggt verði að starfsstöð verði á Stöðvarfirði með skólastjóra á staðnum.
- Ef nemendur færast á milli starfsstöðva (Stf.-Fásk eða Fásk.- Stf) verði þjónustustigi þjódvegarins komið í ásættanlegt form, þ.e. að búið sé að ryðja áður en keyrt er með börn/fólk á milli.
- Ýtt verði á Vegagerðina að hefja endurbætur á þessum vegi til að gera hann öruggari fyrir alla.
- Fara rólega í allar breytingar í samvinnu við skólasamfélagið.
- Ef kennarar færast á milli starfsstöðva verði bíll frá Fjarðabyggð á Stöðvarfirði til afnota fyrir þá. Hann gæti hugsanlega nýst fyrir fólk á Stöðvarfirði sem sinnir nefndarstörfum fyrir Fjarðabyggð ef hann er laus.

Varðandi samstarf við Breiðdalshrepp er ályktað að:

- Fara rólega af stað. Byrja til dæmis með samvinnu í valgreinum eða smiðjum í ákveðinn tíma hjá Elsta stigi seem kennt yrði á Stöðvarfirði eða Breiðdalsvík.
- Ef til samstarfs kæmi á þann hátt að nemendur frá Stöðvarfirði færu yfir á Breiðdalsvík yrði það skipulagt í samvinnu við íþróttafélögin eftir fremsta megni til að minnka ferðalög hjá þeim sem stunda íþróttir á Reyðarfirði eða Fáskrúðsfirði.

2. Skóladagatal 2015-2016 tekið til umræðu

Rætt um skóladagatal næsta skólaár og var það samþykkt samhljóða (áður samþykkt óformlega).

3. Kennslustundaúthlutun

Kennslustundamagn fer úr 124 í 104 kennslustundir á milli skólaára vegna fækkunar nemenda. Starfið verður skipulagt út frá því.

Fundargerð ritaði Solveig Friðriksdóttir